



Forsætisnefnd

### ***Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um reglur sem gilda um trúnaðarmál - umsögn***

Á fundi forsætisnefndar 28. maí sl. lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Hvaða reglur gilda um hvaða mál séu gerð trúnaðarmál og hvar er þessar reglur að finna? Mál eru ítrekað trúnaðarmerkt í ráðum og nefndum borgarinnar. Í sumum tilfellum er ljóst að trúnað þurfi að halda þegar um er að ræða viðkvæm persónuleg málefni. Í öðrum tilfellum er óljóst hvað ræður. Það er því nauðsynlegt í nafni gagnsæis og lýðræðis að reglur um leyndar upplýsingar í nafni trúnaðar séu skýrar gagnvart almenningi og kjörnum fulltrúum. Gild rök þurfa að vera fyrir leynd og þurfa reglur um allt slíkt að vera opinberar.*

### **Aðgangur kjörinna fulltrúa að gögnum sveitarfélagsins.**

Í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er fjallað um aðgang sveitarstjórnarmanna að gögnum og þagnarskyldu þeirra í 28. gr. Þar kemur fram að sérhver sveitarstjórnarmaður á rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnarsýslu sveitarfélags og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn auk þess sem hann skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur. Sveitarstjórn skal í samþykkt um stjórn sveitarfélags mæla nánar fyrir um þennan rétt sveitarstjórnarmanna. Jafnframt kemur fram í greininni að sveitarstjórnarmenn skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt ákvæðum X. kafla stjórnarsýslulaga.

Í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar er einmitt mælt nánar fyrir um þennan rétt. Það er gert í 35. gr. samþykktarinnar þar sem fram kemur að vegna starfa sinna í borgarstjórn á sérhver borgarfulltrúi rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í borgarstjórn. Að auki er tiltekið að sérhver borgarfulltrúi á rétt á aðgangi að fundargögnum

Þeirra ráða sem borgarstjórn kýs til að fara með tiltekin mál eftir sérstökum samþykktum sínum sbr. B-lið 63. gr. samþykktarinnar (fagráð Reykjavíkurborgar). Í samþykktinni kemur jafnframt fram að borgarfulltrúi skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofum og stofnunum Reykjavíkurborgar í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi borgarinnar og rekstur og óski hann gagna skal beina því til skrifstofu borgarstjórnar sem annast milligöngu um öflun þeirra og skal afgreiða slíka beiðni eins skjótt og unnt er. Ef umbeðin gögn eru undanþegin upplýsingarétti almennings eða óvenju viðamikil er borgarfulltrúa heimilt að kynna sér þau á skrifstofu borgarstjórnar. Varði málefni viðkvæma persónulega hagi einstaklings sem ekki er til umfjöllunar í borgarstjórn, er heimilt að neita um afhendingu gagna og upplýsinga. Í 33. gr. samþykktarinnar kemur fram að borgarfulltrúar skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Í greinargerð með frumvarpi að sveitarstjórnarlögum kemur fram að sérhver sveitarstjórnarmaður, skal vegna starfa sinna í sveitarstjórn, eiga rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélags og varða málefni sem geta komið til umfjöllunar í sveitarstjórn. Í þessu felst meginreglan um upplýsingarétt sveitarstjórnarmanna en hann er samkvæmt ákvæðinu takmarkaður við þau málefni sem geta komið til umfjöllunar í sveitarstjórn. Þar er þó um að ræða nær allar þær upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélags annað en það sem varðar málefni sem sérstakur trúnaður gætir um, svo sem ákveðnar upplýsingar frá félagsþjónustu sveitarfélags eða barnaverndarnefnd.

### **Aðgangur almennings að gögnum sveitarfélagsins.**

Í upplýsingalögum er fjallað um aðgang almennings að gögnum sem verða til í stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Í lögnum kemur fram að stjórnvöldum er skylt, sé þess óskað, að veita almenningsi aðgang að fyrirliggjandi gögnum sem varða tiltekið mál með nánar tilgreindum takmörkunum samkvæmt lögnum. Stjórnvöldum er þó ekki skylt að útbúa ný skjöl eða önnur gögn.

Réttur til aðgangs að gögnum nær til:

1. allra skjala sem mál varða, þar með talinna endurrita af bréfum sem stjórnvald hefur sent, enda megi ætla að það hafi borist viðtakanda;
2. allra annarra gagna sem mál varða, svo sem teikninga, uppdráttar, korta, mynda, örfilma og gagna sem vistuð eru í tölvu;
3. dagbókarfærslna sem lúta að gögnum málsins og lista yfir málsgögn.

Í lögnum er einnig að finna ákvæði um það hvaða gögn eru undanþegin upplýsingarétti en réttur almennings til aðgangs að gögnum tekur ekki til:

1. fundargerða ríkisráðs og ríkisstjórnar, minnisgreina á ráðherrafundum og skjala sem tekin hafa verið saman fyrir slíka fundi;
2. bréfaskipta stjórnvalda við sérfróða menn til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað;
3. vinnuskjala sem stjórnvald hefur ritað til eigin afnota; þó skal veita aðgang að vinnuskjöllum ef þau hafa að geyma endanlega ákvörðun um afgreiðslu máls eða upplýsingar sem ekki verður aflað annars staðar frá;
4. umsókna um störf hjá ríki eða sveitarfélögum og allra gagna sem þær varða; þó er skylt að veita upplýsingar um nöfn, heimilisföng og starfsheiti umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn.

Í lögnum er einnig kveðið á um takmarkanir á upplýsingarétti vegna einkahagsmuna en stjórnvaldi er óheimilt að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á. Sömu takmarkanir gilda um aðgang að gögnum er varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila. Einnig er í lögnum fjallað um takmarkanir á upplýsingarétti vegna almannahagsmuna en heimilt er að takmarka aðgang almennings að gögnum þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast, enda hafi þau að geyma upplýsingar um:

1. öryggi ríkisins eða varnarmál;
2. samskipti við önnur ríki eða fjölþjóðastofnanir;
3. viðskipti stofnana og fyrirtækja í eigu ríkis eða sveitarfélaga að því leyti sem þau eru í samkeppni við aðra;
4. fyrirhugaðar ráðstafanir eða próf á vegum ríkis eða sveitarfélaga ef þau yrðu þýðingarlaus eða næðu ekki tilætluðum árangri væru þau á almannavitorði.
5. umhverfismál, enda geti birting þeirra haft alvarleg áhrif á vernd þess hluta umhverfisins sem slíkar upplýsingar varða, t.d. heimkynni fágætra tegunda lífvera, steinda, steingervinga og bergmyndana.

Að öðru leyti er vísað til ákvæða upplýsingalaga í heild sinni.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar